

TILSKIPUN RÁÐSINS 92/60/EBE

frá 30. júní 1992

um breytingu á tilskipun 90/425/EBE um eftirlit með dýraheilbrigði og dýrarækt í viðskiptum innan bandalagsins með tiltekin dýr á fæti og afurðir til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 43. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Bandalagið skal samþykkja ráðstafanir sem hafa það að markmiði að koma smám saman á hinum innri markaði á tímabili sem lýkur 31. desember 1992.

Í tilskipun 90/425/EBE ⁽³⁾ er kveðið á um að dýraheilbrigðiseftirlit með tilteknum dýrum á fæti og afurðum úr dýraríkinu skuli lagt niður á innri landamærum bandalagsins.

Síðan tilskipun 90/425/EBE var samþykkt hefur ráðið sett meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með lifandi dýrum og afurðum úr dýraríkinu sem flutt eru inn til bandalagsins frá þriðju löndum. Í þessu sambandi ber að taka tillit til tilskipunar ráðsins 90/675/EBE frá 10. desember 1990 um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til bandalagsins frá þriðju löndum ⁽⁴⁾ og tilskipunar ráðsins 91/496/EBE frá 15. júlí 1991 um setningu meginreglna um fyrirkomulag heilbrigðiseftirlits með dýrum sem eru flutt til bandalagsins frá þriðju löndum og breytingu á tilskipunum 89/662/EBE, 90/425/EBE og 90/675/EBE ⁽⁵⁾.

Í fjórðu málsgrein 21. gr. tilskipunar 90/452/EBE er kveðið á um að lifandi dýr og afurðir úr dýraríkinu sem ekki heyra undir áður nefnda tilskipun, eða tilskipun ráðsins 89/662/EBE frá 11. desember 1989 um dýraheilbrigðiseftirlit í viðskiptum innan bandalagsins til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á ⁽⁶⁾, skuli heyra undir gildissvið þessara tilskipana.

Samkvæmt 25. gr. tilskipunar 90/425/EBE skal ákvarða það skipulag sem á að taka gildi þegar bráðabirgðaákvæðin sem

⁽¹⁾ Stjútíð. EB nr. C 122, 14. 5. 1992, bls. 18.

⁽²⁾ Stjútíð. EB nr. C 176, 13. 7. 1992.

⁽³⁾ Stjútíð. EB nr. L 224, 18. 8. 1990, bls. 29. Síðast breytt með tilskipun 91/628/EBE (Stjútíð. EB nr. L 340, 11. 12. 1991, bls. 17).

⁽⁴⁾ Stjútíð. EB nr. L 373, 31. 12. 1990, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjútíð. EB nr. L 268, 24. 9. 1991, bls. 56.

⁽⁶⁾ Stjútíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989, bls. 13.

kveðið er á um í 24. gr. falla úr gildi. Í því sambandi ber að taka tillit til framfara sem orðið hafa í bandalaginu, bæði að því er varðar setningu reglna um lifandi dýr og afurðir úr dýraríkinu frá þriðju löndum og samhæfingu ráðstafana til að hafa eftirlit með gin- og klaufaveiki og svínapest, einkum tilskipun ráðsins 90/423/EBE frá 26. júní 1990 um breytingu á tilskipun 85/511/EBE um ráðstafanir bandalagsins vegna eftirlits með gin- og klaufaveiki, tilskipun 64/432/EBE um vanda á sviði heilbrigðis dýra sem hefur áhrif á viðskipti innan bandalagsins með nautgripi og svín og tilskipun 72/462/EBE um heilbrigðis- og heilbrigðiseftirlitsvanda við innflutning á nautgripum og svínum og nýju kjöti eða kjötafurðum frá þriðju löndum ⁽⁷⁾ og tilskipun ráðsins 91/685/EBE frá 11. desember 1991 um breytingu á tilskipun 80/217/EBE um ráðstafanir bandalagsins vegna eftirlits með svínapest ⁽⁸⁾.

Í ljósi þeirrar hagstæðu þróunar sem hefur átt sér stað í samhæfingu dýraheilbrigðisreglna ber að kveða á um að fella skuli niður dýraheilbrigðiseftirlit á innri landamærum með öllum lifandi dýrum og afurðum úr dýraríkinu frá 1. júlí 1992.

Samt sem áður skal setja sérstakar reglur um dýraheilbrigðiseftirlit með flutningi á gæludýrum sem einstaklingur ferðast með og ber ábyrgð á, þegar slíkur flutningur fer ekki fram í verslunarskyni.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. gr.

Tilskipun 90/425/EBE er breytt sem hér segir:

1. Við 1. gr. bætist eftirfarandi málsgrein:

„Þessi tilskipun gildir ekki um dýraheilbrigðiseftirlit með flutningi milli aðildarríkja á gæludýrum sem einstaklingur ferðast með og ber ábyrgð á, svo framarlega sem slíkur flutningur fer ekki fram í verslunarskyni.“

2. Í stað dagsetningarinnar „1. janúar 1993“ í 2. mgr. 7. gr. komi „1. júlí 1992“.

⁽⁷⁾ Stjútíð. EB nr. L 224, 18. 8. 1990, bls. 13.

⁽⁸⁾ Stjútíð. EB nr. L 377, 31. 12. 1991, bls. 1.

3. Orðin „Fram að 31. desember 1992“ í fyrstu málsgrein 21. gr. falli niður.
4. Í stað annarrar málsgreinar 21. gr. komi eftirfarandi:
„Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um skilyrði og reglur sem gilda um viðskipti með dýr og afurðir sem um getur í fyrstu málsgrein.“
5. Síðasti málsliður fjórðu málsgreinar 21. gr. falli niður.
6. Í stað 22. gr. komi eftirfarandi:
„22. gr.

1. Aðildarríkin skulu leggja fyrir framkvæmdastjórnina, samkvæmt samhæfðri fyrirmynd, tilskildar upplýsingar um það eftirlit sem fer fram samkvæmt þessari tilskipun.

2. Framkvæmdastjórninni ber að fjalla um upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. innan fastanefndarinnar um dýraheilbrigði. Henni er heimilt að samþykkja viðeigandi ráðstafanir í samræmi við málsmæðferðina í 18. gr.

3. Nákvæmar reglur um beitingu þessarar greinar, meðal annars um tíðni upplýsingagjafar, fyrirmyndina sem á að nota og upplýsingarnar sem á að veita, skulu samþykktar í samræmi við málsmæðferðina í 18. gr.“

7. Í stað 24. gr. komi eftirfarandi:
„24. gr.

Fram að 31. desember 1992 geta aðildarríkin, til að unnt sé að taka smám saman upp eftirlitskerfið sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun:

- sannprófað skjöl meðan flutningar standa yfir á dýrum og afurðum sem falla undir viðauka A og B eða eru flutt inn frá þriðju löndum,
- gert skyndikannanir án mismununar meðan flutningar standa yfir á dýrum og afurðum sem falla undir viðauka B.“

8. Ákvæði 25. gr. falli niður.

9. Í stað A-hluta viðauka B komi eftirfarandi:

„A. Dýralækningalöggjöf — Önnur dýr á fæti sem heyra ekki undir I. hluta í viðauka A.“

10. Í stað B-hluta viðauka B komi eftirfarandi:

„B. Dýralækningalöggjöf — Sæði, eggfrumur og fósturvísar sem heyra ekki undir I. hluta í viðauka A.“

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnarsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. júlí 1992. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi lög og stjórnarsýslufyrirmæli skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 30. júní 1992.

Fyrir hönd ráðsins,
Arlindo MARQUES CUNHA
forseti.